



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Búnaðarþingi
í Reykjavík
14. mars 2024**

Forsætisráðherra, aðrir ráðherrar og þingmenn,
formaður og forystusveit Bændasamtaka Íslands,
bændur og búalið.

Ég þakka þann heiður að vera boðið að sitja Búnaðarþing. Ykkar bíða strangir fundir. Rýnt verður í stöðu íslensks landbúnaðar nú um stundir, lítið um öxl og reynt að læra af fenginni reynslu.

Svo verður einnig horft fram á veg – og vonandi björtum augum. Eða er engin ástæða til þess? Ég nefni aðeins til dæmis hér að frá því að ég tók við embætti forseta hefur þetta gerst: Búi var brugðið að Keldum á Rangárvöllum, um þúsund árum eftir að land var brotið til ræktunar á þeim slóðum. Búskap lauk einnig í Skálholti en þar höfðu kýr baulað frá landnámi. Og Bændahöllin var seld.

Ekkert af þessu var mér að kenna og auðvitað nefni ég þessa þætti allt eins í gamni og alvöru. Þegar ég kenndi sagnfræði við Háskóla Íslands einbeittum við okkur gjarnan að samhengi viðburða, orsökum og afleiðingum, og eru það mikilvægir þættir í þeim vísindum. Ég notaði gjarnan það dæmi að á sama tíma og notkun gaddavírs jókst til sveita fækkaði berklatilfellum til muna.

En svo sannarlega sjást blikur á lofti. Í nýlegri samantekt Byggðastofnunar les ég að ríflega þriðjungur sauðfjárbænda með yfir 300 fjár sé kominn á sjötugsaldur og margir muni eflaust láta gott heita á næstu árum. Í síðasta mánuði var einnig birt rannsókn á líðan íslenskra bænda og þótt erfitt sé að draga víðtækar ályktanir af henni virðist mega ætla að þeir þjáist margir af streitu og stressi, vinni of mikið en beri of lítið úr bótum.

Ágætu áheyrendur: Vel má því vera að sumum þyki sem lífið til sveita hafi verið betra hér áður fyrr, í gamla daga. Ekkert er að því að halda í góðar minningar, hampa því sem vel var gert og halda í það sem vel gekk og mun væntanlega áfram ganga vel. Aftur á móti getur fátt hamlað framförum og vellíðan eins mikið og rangsnúin fortíðarþrá – nostalgía – minning um hið liðna sem byggir meir á óskhyggju en raunsæi, minning þar sem valið er og hafnað úr sjóði fortíðar. Þannig eftirsjá hamlar frekar en hjálpar.

Að sama skapi dregur það mátt úr mönnum að einblína aðeins á vandamálin sem við er að etja. Einhver hér kunna kannski húsganginn gamla: „Böl er búskapur, hryggð er hjúskapur, aumt er einlífi og að öllu er nokkuð.“ Ég veit líka um menn sem hægt væri að segja um að þeim líði best þegar þeir eru í vondu skapi. Nei, lokum ekki augunum fyrir því sem gera má betur en leyfum okkur samt líka að fyllast bjartsýni og kappi, ákveðin í að sýna sjálfum okkur og öðrum hvað í okkur býr – en þá þarf samfélagið og allt þjóðskipulagið að vera á þann veg að við fáum tækifæri til þess, að krafturinn sem býr í hverjum og einum geti nýst okkur öllum til heilla.

Þið hér á Búnaðarþingi vitið auðvitað mun betur en ég hvernig við þurfum þá að búa um hnútana, hvernig landbúnaður muni blómstra best, hvernig byggðir landsins blómstri best. Hitt veit ég að sóknarfærin eru mörg og margs konar og saman skulum við því sækja fram! Frekar en bölmóðinn sem ég fór með rétt áðan vel ég lof listaskáldsins góða: „Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi, því skal hann virður vel.“

Ég óska ykkur alls velfarnaðar í þingstörfunum hér og svo þegar þið snúið heim í ykkar sveit. Um leið nota ég tækifærið og þakka samvistir á fyrri þingum. Sömuleiðis bið ég ykkur að færa öllum á heimaslóð góðar kveðjur mínar. Hvar sem ég hef farið um landið í minni forsetatíð hef ég notið hlýju og góðvildar gestgjafa, ekki síst á sveitabæjum. Ég hef fengið að fylgjast með sauðburði, farið í útreiðartúra, haldið í göngur og réttir. Fyrir mann sem ólst upp á mölinni hefur það auðvitað verið ævintýri en ekki vill maður þó þvælast fyrir. Eitt sinn í göngum hafði ég einmitt orð á því en bóndi svaraði þá að bragði: „Það er nú einmitt tilgangurinn, minn kæri!“

Og við höfum sungið. Nú þegar ég ávarpa ykkur í síðasta sinn á þessum vettvangi – þótt enginn viti sína ævi fyrr en öll er – leyfi ég mér að leggja til að við rísum úr sætum og hefjum upp raust okkar. Ég legg líka til að við syngjum saman „Fyrr var oft í káti kátt.“ Þar er ort um hið liðna en ekki með biturri eftirsjá eða misskilinni fortíðarþrá. Nei, þar eru rifjaðar upp fallegar endurminningar sem ættu að ylja okkur öllum, hvetja fólk til dáða. Þannig höldum við áfram að búa í haginn fyrir næstu kynslóð á þessu fallegu landi okkar. Hvað annað getur verið mikilvægara?